

Reykjavík 29. nóvember 2006

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um embætti landlæknis, þskj. 282-273. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um embætti landlæknis og gerir eftirfarandi athugasemdir við einstök atriði.

1. BSRB leggur til að í 5. mgr. 12. gr. sé skýrt kveðið á um að þegar landlæknir aflar umsagnar frá óháðum sérfræðingi eða sérfræðingum vegna kvartana þá skuli umsögnin vera frá óháðum sérfræðingi í þeirri sjúkdómsgrein sem kvörtunin lýtur að.
2. Þá gerir BSRB athugasemd við það að fellt verði brott ákvæði um sérstaka nefnd sem fjallar um ágreiningsmál, sbr. núg. ákvæði 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Í frumvarpinu kemur fram að kærur er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar fari vaxandi. Jafnhliða því að ítarlegri ákvæði verði sett um meðferð slíkra mála hjá landlæknisembættinu telur BSRB þörf á að þessi sérstaka nefnd verði áfram lögbundin.
3. Í 2. mgr. 15. gr. er lagt til að hægt verði að svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi, án undangenginnar áminningar að fenginni tillögu landlæknis og eru taldar upp ástæður sem valdið geta sviptingu starfsleyfis. Samkvæmt 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 á að veita starfsmanni áminningu vegna ýmissa atriða. En samkvæmt 15. gr. frumvarpsins draga þá þarf ekki að veita heilbrigðisstarfsmanni áminningu vegna sömu atriða áður en hann er sviptur starfsleyfi. Þarna stangast þessi lög á. Þá má líka benda á lög um sjúkraliða nr. 58/1984 en samkvæmt 7. gr. er skylda að veita áminningu áður en það kemur að því að svipta sjúkraliða starfsleyfi. BSRB telur að með því að hafa 15. gr. óbreytta eins og hún er í frumvarpinu þá sé verið að grafa undan starfsöryggi heilbrigðisstarfsmanna með því að opna á að andmælarétti og áminningarskyldu sé vikið til hliðar.

Upptalningin í 15. gr. frumvarpsins er ekki tæmandi talning og er það sem talið er upp mjög matskennt. Sem dæmi þá má svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi án undangenginnar áminningar vegna líkamlegs heilsubrests, eða skorts á faglegri hæfni !

BSRB leggur til að 15. gr. verði sett skýrar upp og henni breytt. BSRB tekur undir að það þurfa að vera til úrræði sem hægt er að grípa til ef sú staða kemur upp að óforsvaranlegt sé að heilbrigðisstarfsmaður haldi áfram störfum vegna öryggis sjúklings. Það verður hins vegar að takmarka sviptingu starfsleyfis án undangenginnar áminningar.

Tillaga BSRB er sú að komi upp sú bráðahætta að svipta verði heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi þegar í stað vegna þess að hann er undir áhrifum fíkniefna, áfengis eða sambærilegra efna, sbr. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins, skuli mál hans vera rannsakað af nefnd sem skipuð er af landlækni svo að upplýst verði hvort rétt hafi verið að svipta hann tímabundið starfsleyfi, hvort rétt sé að svipta hann starfsleyfi að fullu í framhaldi af tímabundinni sviptingu eða veita honum takmarkað starfsleyfi. Málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga yrðu fyrst virkar fyrir nefndinni sem gæfi heilbrigðisstarfsmanni kost á því m.a. að koma að sínum andmælum fyrir nefndinni. Tillaga BSRB að nýrri 15. gr. er eftirfarandi:

*15. gr.  
Svipting starfsleyfis.*

*Landlækni er heimilt að svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi þegar í stað ef grunur leikur á um að hann sé undir áhrifum fíkniefna, áfengis eða sambærilegra efna eða rannsókn sérfræðinga, sbr. 2. mgr. 13. gr. laganna leiðir það í ljós.*

*Nú hefur landlæknir svipt heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi á grundvelli 1. mgr. og skal mál hans þá rannsakað af nefnd skipuð af ráðherra svo að upplýst verði hvort rétt hafi verið að svipta hann tímabundið starfsleyfi. Þá skal nefndin rannsaka innan þriggja mánaðar frá tímabundinni sviptingu starfsleyfis, hvort rétt sé að svipta hann starfsleyfi að fullu í framhaldi af tímabundinni sviptingu eða veita honum takmarkað starfsleyfi. Málsmeðferð fyrir nefndinni fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.*

*Meðan tímabundin svipting á starfsleyfi stendur skal heilbrigðisstarfsmaður njóta helmings af föstum mánaðarlaunum sem starfi hans fylgja. Nú tekur heilbrigðisstarfsmaður sem var með tímabundna sviptingu á starfsleyfi aftur við starfi sínu og skal þá líta svo á að hann hafi gengt starfinu óslitið, þar á meðal skulu honum þá greidd þau laun er hann hefur verið sviptur skv. 1. ml 3. mgr.*

4. Ekki er tekið á því í frumvarpinu hvaða rétt starfsmaðurinn hefur til launa sé hann sviptur starfsleyfi þegar í stað, sbr. 4. mgr. 15. gr. BSRB leggur til að kveðið sé á um rétt til launa á meðan að verið er að taka endanlega ákvörðun um sviptingu, sbr. tillögu BSRB í 3. mgr. 15. gr.

Fyrir hönd BSRB

*Helga Jónsdóttir*  
Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri